

Fimmtudaginn 20. maí kl 20:00 var haldið ársþing taekwondo sambands Íslands (TKÍ).

Fundurinn var í fundarsal D 3. hæð ÍSÍ Engjavegi 6.

TKÍ stjórnarmenn mættir:

Arnar Bragason

Pétur Jensson

Rut Sigurðardóttir

Helgi Rafn Guðmundsson

Dagskrá

1. Þingsetning.

Arnar Bragason formaður setur þingið.

2. Kosning 1. og 2. þingforseta.

Sigríður Jónsdóttir frá ÍSÍ kosinn þingforseti

3. Kosning 1. og 2. þingritara.

Helgi Rafn Guðmundsson kosinn þingritari.

4. Kosning 3 manna kjörbréfanefndar.

Tyrfingur Þorsteinsson

Bjarnheiður Ástgeirsdóttir

Ragnar Pálsson

5. Ávörp gesta.

Sigríður geymir þennan lið og biður Arnar Bragason að leggja fram skýrslu stjórnar.

Sigríður flytur ávarp gesta eftir að endurskoðaðir reikningar hafa verið lagðir fram.

Sigríður talar um að oft eru aðilar að samböndum ruglandi. Talað er um héraðssambönd sem sambandsaðilar en ekki einstök félög.

Sigríður segir að barátta er innan íþróttanna um iðkendur, og að allir vilji sem flesta iðkendur.

Styrkir félaga hafa minnkað. ÍSÍ hefur sótt á ríkisvald um styrki. Útdeilt hefur verið eftir umfangi sambanda.

Íþróttakeppnir Íslendinga erlendis er landkynning og ætti að styðja við.

Verið er að stofna sérsambönd, s.mbr. kraftlyftingasamband ÍSÍ sem var endurstofnað fyrir skemmstu.

6. Álit kjörbréfanefndar.

Tyrfingur les álit kjörbréfanefndar.

ÍBR – 11 fulltrúar (með umboðum)

HSK – 5 fulltrúar

UMSK – 3 fulltrúar

ÍBH – 5 fulltrúar (4/5 mættir)

ÍBS – 3 Fulltrúar (1 umboð)

ÍRB – 5 fulltrúar (2 umboð)

Kjörbréf samþykkt einróma.

7. Skýrsla stjórnar lögð fram.

Arnar les skýrslu stjórnar.

- Talar um að hann hafi ekki verið kosinn formaður heldur tekið við þegar kosinn formaður sagði af sér vegna anna.
- Arnar talar um nefndir TKÍ. Ekki fékkst nægileg þátttaka í margar nefndir sem lögðust af.
- Æfingabúðir TKÍ haust, master Jamshid, Kim Tae Hoon og Sophie Dickinson voru með æfingabúðirnar í samvinnu Sigursteins Snorrason og Björns Þorleifssonar.  
HM í Danmörku haust. 2 keppendur frá Íslandi sem báðir féllu úr leik í fyrstu umferð.
- Íslandsmót í poomsae á Selfossi.
- Auður Sigurðardóttir, starfsmaður TKÍ lét af störfum. Störf hennar dreifðust á stjórnarmenn og landsliðsþjálfara.
- Björn Þorleifsson var valinn taekwondo maður ársins eftir gott keppnisár.
- Ingibjörg Erla Guðmundsdóttir taekwondo kona ársins.
- 6 keppendur á Norðurlandmótinu í Noregi allir féllu úr leik í fyrstu umferð.
- Taekwondo auglýsing búin til. Fólk hvatt til að láta vita ef þau hafa tengls við fjölmiðla til að koma auglýsingunni í sjónvarp.
- Sparring æfingabúðir TKÍ í Keflavík sem Björn Þorleifsson kenndi.
- Árshátíð TKÍ haldin í Bjarkarheimili, Erlingin Jónssyni, vefstjóra TKÍ boðið.
- Íslandsmót í sparring í Keflavík, gott dómarskipulag.
- Ingibjörg keppti út í Mexíkó á úrtökumóti fyrir ólympíuleika æskunnar og HM unglinga. Stóð sig mjög vel.
- Dómaranámskeið. 6 dómara hafa klárað B-réttindi. Ætlunin að hafa 2 námskeið á ári.
- TKÍ gefur skorkerfi til félagana. Félögin geta sótt kerfin hjá TKÍ.
- Dan skjöl frá Kukkiwon hafa ekki skilað sér til Íslands, en þau mál eru komin í ferli.

8. Endurskoðaðir reikningar sambandsins lagðir fram til samþykktar.

Pétur Jensson les reikninga TKÍ. Talar um að erfitt hafi verið að fá enda saman vegna þess að gögn lágu ekki fyrir til að stemma af eftir fyrri stjórnir. TKÍ styrkti bókina Taekwondo Krakkar. Gisting erlendis er mun dýrari vegna falls krónunnar.

Erfiðara er að finna styrktaraðila í dag vegna ástands í þjóðfélaginu.

Pétur leggur til að reikningar séu samþykktir.

Pétur les reikningana að tillögu Sigríðar.

Sigríður leggur til að athugasemdir reikninga og skýrslu stjórnar verði geymd þar til eftir ávarp gesta.

Ásdís Kristinsdóttir spyr um hvort tekjur hafi verið af æfingabúðum sem TKÍ hélt.

Pétur segir að tap hafi verið af æfingabúðum og því ekki skráðar tekjur.

Björn Þorleifsson fékk styrk fyrir að halda æfingabúðirnar til að keppa erlendis.

Ásdís gerir athugasemd, myndi vilja sá tekjur og gjöld af æfingabúðum á reikningum.

Írunn Ketilsdóttir talar um að kostnað vegna landsliðsþjálfara séu ekki skráð sem laun.

Pétur segir að það sem skráð sem verktakalaun. Hvað er TKÍ styrkur? Pétur segir ekki

vita nákvæmlega hvaðan það kemur, en líklega vegna opinna móta sem styrkt var keppendur um.

Sigríður frá ÍR. Spyr hvort landsliðsþjálfari í poomsae sé á launum. Pétur segir að svo sé ekki, hann hafi ekki sótt um að fá laun. Koma þarf poomsae landsliðsmálum í réttan farveg.

Bjarnheiður spyr hvort TKÍ hafi styrk landsliðsþjálfara til dómaramámskeiðs í Inlandi. Pétur segir að svo hafi ekki verið gert.

Írunn spyr hvort Dan gráður frá félögum verði samþykktar með auðveldari hætti. Er félögum óhætt að gráða samkvæmt TKÍ stöðlum? Pétur segir að staðlar séu ekki til ennpá. Pétur segir að það hafi ekki gengið upp vegna mismunandi skoðana fólks á staðnum. Ásdís segir að hann hafi ekki verið á staðnum og fannst þetta mál hafa gengið ágætlega þar til það var stöðvað.

Sigrún Ómarsdóttir spyr hvort enn sé verið að tala um reikninga eða hvort við séum komin í önnur mál. Sigríður segir að þetta tengist skýrslu og endurskoðuðum reikningum.

Hlynur Örn segir að þurfi að koma með gegnsætt ferli til að halda Íslandsmót. Félög ættu að geta sótt um að halda Íslandsmót kjósi þau að gera það.

Pétur vil nefna að ekki hafi verið greitt nefskatt fyrir tvö félög, Þór og Fram. Spyr hvers vegna það sé. Fulltrúi Fram(Hlynur) gat ekki svarað því. Dagný segir að ekki hafi samskipti TKÍ og stjórnar geta leyst þetta en það verði gert.

Gauti Már spyr hvers vegna er aukning í skrifstofu og stjórnunarkostnað. Pétur gat ekki gefið svar vegna hversu erfiðlega gekk að ganga frá reikningum. Sigríður segir að hluti af þessu séu aðildargjöld til ÍSÍ.

Aukning í skammtímakröfum til unglunga og íþróttasambands. Þetta eru styrkir sem eru ekki enn komnir inn. Styrkurinn er greiddur í áföngum.

Jón Ragnar segir að þetta sé ríkisstyrkur háður uppgjöri. Hluti er ógreiddur styrkur.

Skýrsla stjórnar er samþykkt samhljóða  
Endurskoðaðir reikningar sambandsins samþykktir samhljóða.

Sigríður segir að vegna þess að starfsárið sé almannaksár, en líftími stjórnar sé frá vori þurfi að ganga vel frá pappírnum til að reikningar geti verið rétt gerðir. Sér sambönd ættu að sýna eins mikla veltu og hægt er.

#### 9. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram.

Pétur gerir grein fyrir fjárhagsáætlun. Segir að áætlunin sé svipuð og árið á undan. Ekki hafi verið gerð fjárhagsáætlun áður og því sé þetta sett lauslega upp, einnig vegna þess að bókhald síðasta árs sé nú nýklárað. Ekki er vitað hversu miklir styrkir verða á árinu.

Engar athugasemdir voru gerðar við fjárhagsáætlun.

#### 10. Kosning þingnefnda.

Sigríður segir að engar tillögur hafi verið um lagabreytingar. Leggur til að fjárhagsnefnd verði kosin til starfa við að skoða rekstraráætlun næsta árs. Leggur til að Pétur, Tyrfingur og Arnar starfi í nefndinni.

Hlynur bendir á að erfitt getur verið fyrir næstu stjórn að fara eftir fjárhagsáætlun núverandi stjórnar, og sé því einungis til leiðbeininga.

11. Þingnefndir starfa.

Pétur Jensson, Tyrfingur Þorsteinsson og Hólmfríður Inga Eypórsdóttir starfa í nefndinni.

12. Þingnefndir gera grein fyrir störfum sínum.

Hólmfríður Inga gerir grein fyrir fjárhagsáætlun. Segir að skráður ferðakostnaður sé ekki eingöngu ferðakostnaður. Liðir færðir til að laga reikningana. Hvort verði raunhæft að lækka ferðakostnað um milljón. Segir að ætti að samþykkja áætlun og þá er hægt að hafa samanburð á næsta þingi.

Ásdís spyr hvort laun landsliðsþjálfara verði lækkuð vegna samdráttar. Arnar bendir á að kostnaður vegna starfsmanna TKÍ hafi lækkað vegna þess að annar starfsmanna hætti.

Sigríður bendir á að kostnaður vegna NM sé mikill. Pétur segir að þetta sé miskilningur þar sem NM var ekki haldið á Íslandi 2010, heldur 2009.

Halldóra segir að verkefnastjóri (Auður) hafi hætt og hver mun taka að sér verkefni hans.

Arnar segir að verkefnum hafi verið skipt á milli stjórnar og landsliðsþjálfara.

Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.

13. Þjónustugjald ákveðið. Þjónustugjaldið er nefskattur, sem innheimtist af félögum/deildum miðað við skráða iðendur árið á undan skv. starfsskýrslum ÍSÍ.

Pétur segir að þjónustugjald ætti að vera óbreytt, 500 kr á ári.

Hlynur spyr hvort tillögur hafi komið um að fella niður nefskatt tímabundið. Hlynur segir það gæti verið styrkur til félagana.

Gauti (Björk) segir að nefskattur séu tekjur til TKÍ. Hlynntur því að halda nefskatt.

Rannveig (Keflavík) er hlynnt nefskattinum.

Sigríður segir að þetta skuli kallað þjónustugjald. Ákvörðun um þetta verði tekin með fyrirvara.

Þjónustugjald verður 500kr áfram, samþykkt með öllum greiddum atkvæðum og einu mótkvæði.

Sigríður segir að félög ættu að geta haldið mót, t.d. Íslandsmót til að hjálpa félögum.

Halldóra kemur með tillögu að Íslandsmótum. Að félögum sé skikkað til að halda mót með númerakerfi til að sem flest félög hafi möguleika á að halda mót kjósi þau að gera það.

14. Tillögur um breytingar á lögum TKÍ teknar til umræðu og afgreiðslu, Fellur niður vegna þess að engar lagabreytingar voru lagðar fram.
15. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði teknar til umræðu og afgreiðslu. Fellur niður vegna þess að engar tillögur hafa verið lagðar fram.
16. Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem komið hafa fram á þinginu og þingmeirihluti leyfir. Fellur niður vegna þess að engar tillögur hafi verið lagðar fram.
17. Kosningar:
  - stjórn og varastjórn, sbr. 10. Grein
  - Arnar Bragason gefur einn kost á sér sem formann TKÍ og er því sjálfkjörinn.
  - Pétur Jensson gefur kost á sér áfram. Pétur er sjálfkjörin.
  - Ásdís tilnefnir Hólmfríði Ingu Eyþórsdóttir. Hólmfríður tekur því og er sjálfkjörin.
  - Helgi Rafn Guðmundsson heldur áfram í stjórn þar sem hann var kosinn til tveggja ára á síðasta þingi.
  - Richard Már Jónsson er tilnefndur, tekur því og er sjálfkjörinn.
  - Tilnefningar í varastjórn koma fram:
    - Ásdís 11 atkvæði
    - Gunnar 25
    - Þorri 24
    - Sigríður 30
  - Kosið er um varastjórn

Í stjórn TKÍ eru því

Aðalstjórn:

Arnar Bragason formaður til eins árs

Pétur Jensson til tveggja ára

Hólmfríður Inga Eyþórsdóttir til tveggja ára

Helgi Rafn Guðmundsson til eins árs

Richard Már Jónsson til eins árs

Varastjórn

1. Sigríður Stefanía Hlynsdóttir

2. Gunnar Reyr Sigurðsson

3. Þorri Birgir Þorsteinsson

- 2 skoðunarmenn reikninga.

Írunn Ketilsdóttir

Gauti Már Guðnason

Sjálfkjörin sem skoðunarmenn reikninga.

- fastanefndir sem starfa milli taekwondoþinga.

Vísað til sjónnar TKÍ.

- fulltrúa á Íþróttabing ÍSÍ, skv. lögum ÍSÍ, á því ári sem Íþróttabing ÍSÍ fer fram. Á ekki við þar sem Íþróttabing er eftir ár. Vísað til stjórnar TKÍ.

Arnar talar um atburði sem TKÍ ætti að leggja fyrir sig á nýju ári og fær spurningar um það.

Írunn og Gauti leggja til að TKÍ ætti að ráða master Cesar sem starfsmann. Hann er með mikla reynslu og ætti að vera betur nýttur. Jón Levy bendir á að master Cesar sé að þjálfa hjá Aftureldingu.

Halldóra Eldon talar um að fólk ætti að geta nálgast taekwondo auglýsinguna sem TKÍ let gera. Henni var bent á að hún er á youtube síðu taekwondo.is (taekwondo.is). Írunn segir að það þurfi að taka það skýrt fram í auglýsingum að verið er að auglýsa taekwondo.

Brynjar leggur til að lögum TKÍ um þingdagskrá sé breytt til að gera ráð fyrir umræðum og öðrum málum. Segir að TKÍ ætti að beita sér í að fá nýja iðkendur. Þarf að ráða fólk í kynningarstarf, hugsanlega nota landsliðsfólk í það. Arnar segir að reynt hafi verið að koma kynningar og sýningahóp saman en ekki fengust nægilega margir til að það kæmist af stað. Einnig þarf að koma TKÍ pössum í réttan farveg. Jón Ragnar segir að hægt sé að fá styrk fyrir kynningastörfum frá héraðssamböndum. Það gæti t.d. verið laun einhvers sem tæki kynningar að sér. Spyr hvort stefna sé að styrkja grasrótina eða ferðir erlendis. Pétur bendir á að gert er ráð fyrir helmingslækkun í ferðakostnaði erlendis í rekstraráætlun næsta tímabils.

Halldóra segir að með því að styrka bókina taekwondo krakkar hafi verið sett fordæmi um að styrkja taekwondo efni og segir að slíkt efni þurfi að vera staðlað.

18. Þingslit.

Sigríður slítur þingi og þakkar fyrir.